

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2013

2013/EES/31/02

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/489/ESB frá 24. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Austurríkis, Belgíu, Brasilíu, Kólumbíu, Króatíu og Níkaragva með tilliti til kúariðu ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 D 0489**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/489/ESB frá 24. ágúst 2012 (Stjtið. ESB L 231, 28.8.2012, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/489/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 231, 28.8.2012, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.